

Nd.

204. Frumvarp til laga

[108. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Flm.: Áki Jakobsson, Gísli Guðmundsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, er verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist samkvæmt því):

Ef hann hefur rekið síldarverkun og verzlun með þær afurðir utan heimilissveitar, og má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

2. gr.

- a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“ í 1. mgr. 1. a. 9. gr. laganna komi: 8. gr., a—d-liðir.
- b. Orðin „síldarsala, síldarverkun“ í 1. tölul. c. falli niður.
- c. Aftan við 5. tölul. komi nýr liður (6. töluliður), svo hljóðandi:

Ef útsvar er lagt á utan heimilissveitar samkv. 8. gr., b-lið, skal heimilissveit aldrei fá minna en $\frac{1}{4}$ hluta af samanlögðu útsvari þess gjaldþegns það ár.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur áður verið flutt á Alþingi, en ekki orðið útrætt. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. það, er hér liggur fyrir, felur í sér þá einu breyting frá núgildandi útsvarslögum, að bæjar- og sveitarstjórnnum er heimilað að leggja útsvar í síldarsöltun, sem fram fer í viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi, án tillits til þess, hvort sá, er söltun starfrækir, á lögheimili þar eða ekki. Að sjálfsögðu verður þá ekki lagt á þann rekstur aftur í heimilissveit.

Síldarsöltun er rekin í stórum stíl í verstöðvum á Norðurlandi yfir sumarmánuðina og að verulegu leyti af aðkomumönnum, sem eingöngu dvelja á staðnum meðan söltunin stendur yfir. Þó er síldarsöltunin á sumrin aðalatvinnurekstur staðarins næst á eftir rekstri síldarverksmiðja, þar sem þær eru. Er það ljóst öllum, að mjög bagalegt er fyrir viðkomandi bæjar- og sveitarfélög að geta ekki lagt útsvör á höfuðatvinnurekstur staðarins. Rétturinn til skiptingar á útsvari þessara manna kemur ekki að sama haldi og réttur til að leggja á þá beint, enda eðlilegast, að svo þýðingarmikill atvinnurekstur sem síldarsöltun er fyrir bæina og þorpinn norðanlands hafi þar útsvarsskyldu.

Frv. þetta felur ekki í sér neina aðra breyting á útsvarslögunum en þá, að leyfa álagningu á síldarsöltunaratvinnurekstur utan heimilissveitar. En ef það yrði leyft með lögfestingu þessa frv., væri ráðin allmikil bót á útsvarslöggjöfinni til samræmis við útsvör bæjar- og sveitarfélaganna norðanlands.“